


✉ Re: Oddaflóð - Beiðni um umsögn

Búið til	22.6.2021 12:16:03
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	22.6.2021 12:15:58
Tilheyrir	 202106-0034 - Oddaflóð í Rangárþingi ytra.

Efni

Re: Oddaflóð - Beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	22.6.2021 12:15:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202106-0034 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun dags. 21. júní 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um möguleg áhrif framkvæmda innan friðlandsins Oddaflóðs.

Um er að ræða annars vegar að beina umferð ökutækja frá slóðum í grasbökkum niður með þverá niður í sendinn árfarveginn. Hins vegar er um að ræða heimild til sáningar túnvinguls í sama árfarveg.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að náttúrufar og landslag innan friðlands Oddaflóðs fái að þróast sem mest á eigin forsendum og verði fyrir sem minnstu raski af athöfnum fólks. Í árfarveginum er rýrari gróður en á nálægum grasbökkum þar sem núverandi slóðar eru staðsettir. Það er því jákvætt skref að færa umferð um einn slóða í árfarveginum til að hlífa gróðri og minnka það svæði sem verður fyrir áhrifum frá umferð ökutækja.

Varðandi heimild til sáningar túnvinguls vill Náttúrufræðistofnun setja þann varnagla að heppilegra er að láta árfarveginn gróa upp að sjálfu sér þó um hægara ferli sé að ræða. Það hæfir betur friðlýstu svæði. Þá eru sendnar og lítt grónar áreyrar mikilvæg búsvæði spóa en stór hluti íslenska spóastofnsins verpir á Rangárvöllum í svæðum svipuðum þessu. Að auka gróðurþekju hentar illa spóanum en þeir velja lítt gróin,

opin búsvæði frekar en graslendi fyrri varp. Líklegt er að spói nýti árfarveginn syðst í Oddaflóði fyrir varp en það þyrftu að staðfesta. Upplýsingar um spóavarp, umfang þess og staðsetningu, myndu líka gagnast fyrir val á endanlegri legu ökuslóðans.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC: "Magnús Freyr Sigurkarlsson" <magnus.freyr.sigurkarlsson@umhverfisstofnun.is>; "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>

Subject: Oddaflóð - Beiðni um umsögn

Date: 21.6.2021 12:17:46

Góðan dag

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn um framkvæmdaleyfi vegna breytingar á slóða fyrir veiðimenn í friðlandinu Oddaflóði og fyrirspurn um sáningu túnvinguls á sama svæði. Oddaflóð var friðlýst sem friðland 1994, https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/oddaflod_634_1994.pdf (https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/oddaflod_634_1994.pdf)

Annars vegar er sótt um leyfi til að færa umferð veiðimanna um nýja leið um gamlan árfarveg innan friðlandsins. Hér að neðan eru upplýsingar um tilhögun verkefnisins frá landeiganda og meðfylgjandi er mynd af fyrirhugaðri legu slóðans og umsókn umsækjandans:

Sæl Ingibjörg

Eins og fram kom í samtali okkar eru tveir gamlir slóðar sitthvoru megin við gamla árfarveginn, en þessir slóðar liggja í grasbökkum niður með Þveránni.

Markmið veiðifélagsins í samstarfi við okkur landeigendur (og í framkvæmd okkar landeigenda) er einfaldlega að vísa veiðimönnum eina leið, í gamla árfarveginn, þar sem við myndum í raun bara stíka út leið fyrir veiðimenn.

Því þyrfti engin tæki, ekkert aukafni (sandurinn í gamla árfarveginum er góður til aksturs) og í raun yrði eins lítil röskun og hægt er að komast upp með. Þetta yrði bara einbreiður slóði og lengd eins og sést í meðfylgjandi mynd.

Með þessum vegaslóða erum við því í raun að reyna að beina umferð um friðlandið fyrir veiðimenn á svæði sem við teljum raska minnst núverandi gróðri og dýralífi. Á hluta af gamla árfarveginum erum við síðan í samstarfi við Landgræðsluna að taka þátt í verkefninu Bændur græða landið og þurfum því að keyra áburð í árfarveginn en með þessum slóða fengi gróna landið sitt hvoru megin við gamla árfarveginn frið fyrir öllum akstri.

Sveitarfélagið hefur ekki fengið málið til umfjöllunar enda teljum við þess ekki þurfa þar sem þetta er allt inni á einkalandi í eigu Langekru (ríkið), Odda (kirkja), Vindás og Sólvalla. Þessir aðilar hafa fundað um málið og komið því á framfæri við veiðifélagið.

Vonandi svarar þetta öllum atriðum.

kær kv. Hanna Valdís, Sólvöllum

s. 8687319

Hins vegar er fyrirspurn landeiganda um heimild til sáningar túnvinguls í sama árfarveg og um ræðir hér að ofan og meðfylgjandi er loftmynd þar sem fyrirhugað sáningarsvæði er teiknað inn á. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Sæl/ll

Mig langar að athuga hvort við fáum leyfi til að sá hreinum íslenskum túnvingul á sandsvæði innan friðlandsins Oddaflóð í Rangárþingi ytra?

Þá erum við að hugsa um gula svæðið samanber meðfylgjandi mynd.

kær kv. Hanna Valdís, bóndi á Sólvöllum

s. 8687319

Með vísan í 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 óskar Umhverfisstofnun eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um möguleg áhrif ofangreindra framkvæmda á friðlandið Oddaflóð.

Bestu kveðjur, Best regards

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: <http://www.ust.is> (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: <http://www.ust.is/disclaimer> (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image001.png (5 KB)